

# Vonarskarð og Hágöngur

## Úttekt á fornleifum

Sólborg Una Pálsdóttir



Rammaáætlun



Fornleifavernd  
ríkisins

2008:11



Forsíða: Ljósmynd af Hágöngulóni, kort af Vonarskarði, LMÍ.  
© 2008 Fornleifavernd ríkisins/ Sólborg Una Pálsdóttir  
Ritstjóri Kristín Huld Sigurðardóttir  
Rit Fornleifaverndar ríkisins 2008:11  
Öll réttindi áskilin  
ISSN 1670-6846  
ISBN 978-9979-9906-2-8

Prentun: Nón og Leturprent

## Efnisyfirlit

<b>1</b>	<b>Inngangur</b>	<b>3</b>
<b>2</b>	<b>Vonarskarð og Hágöngur</b>	<b>5</b>
2.1	Saga svæðis	7
2.2	Bárðargata - leið	13
2.3	Varða - kennimark	15
	<b>Niðurstöður</b>	<b>17</b>
	<b>Heimildaskrá</b>	<b>19</b>

## Myndaskrá

<b>Mynd 1.</b>	Afmörkun á rannsóknarsvæðum, byggt á gögnum frá ÍSOR. Kort frá LMÍ.....	5
<b>Mynd 2.</b>	Hágöngulón. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.....	6
<b>Mynd 3.</b>	Bárðarbunga, séð frá Vonarskarði. Ljósmynd Sólborg Una Pálsdóttir, 2008. ....	7
<b>Mynd 4.</b>	Horft til Vonarskarðs frá Hágöngulóni. Ljósmynd Sólborg Una Pálsdóttir, 2008. ....	8
<b>Mynd 5.</b>	Horft til vesturhluta Vonarskarðs. Ljósmynd Sólborg Una Pálsdóttir, 2008. ....	10
<b>Mynd 6.</b>	Vonarskarð. Ljósmynd Sólborg Una Pálsdóttir, 2008. ....	12
<b>Mynd 7.</b>	Bárðargata samkvæmt hugmyndum Haraldar Matthíasarsonar, merkt sem gul lína ofan á kort frá LMÍ.....	14
<b>Mynd 8.</b>	Varða við Gjóstuklif. Ljósmynd Sólborg Una Pálsdóttir, 2008. ....	15
<b>Mynd 9.</b>	Leiðir um Vonarskarð og Vatnajökul. Uppdráttur Íslands eftir Björn Gunnlaugsson. ....	16
<b>Mynd 10.</b>	Við Gjóstuklif, horft í austur. Ljósmynd Sólborg Una Pálsdóttir, 2008..	17



# 1 Inngangur

Í september 2007 skipuðu Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra og Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra verkefnisstjórn sem falið var að undirbúa annan hluta rammaáætlunar um verndun og nýtingu náttúrusvæða. Verkefnisstjórnin tók við af eldri stjórn sem fjallaði um 1. hluta rammaáætlunar og lauk störfum árið 2003. Í 1. hluta var lögð áhersla á vatnsaflsvirkjanir, en núverandi verkefnisstjórn fæst fyrst og fremst við mat á háhitasvæðum. Henni er þó einnig ætlað að fjalla um vinnuna í fyrsta áfanga og leggja mat á virkjunarkosti sem fjallað var um þar.

Í rammaáætluninni skal leggja mat á og flokka virkjunarkosti, jafnt vatnsafls og háhita og áhrif þeirra á náttúrufar, náttúru- og menningarminjar, meðal annars með tilliti til orkugetu, hagkvæmni og annars þjóðhagslegs gildis, Samhliða því á að skilgreina og meta áhrif á hagsmuni allra þeirra sem nýtt geta þessi sömu gæði. Undir verkefnisstjórn munu starfa þrjú faghópar skipaðir sérfræðingum á viðeigandi sviðum. Faghópunum er ætlað er að fara yfir virkjunarkosti hver frá sínum sjónarhóli, meta þá með stigagjöf og gera tillögur til verkefnastjórnar. Verkefnastjórnin á að ljúka störfum og skila skýrslu til umhverfis- og iðnaðarráðherra með heildarmati á virkjunarkostum fyrir 1. júlí 2009.

Í fyrsta áfanga störfuðu nokkrir faghópar, þeirra á meðal Faghópur I um náttúrufar og minjar og veitti Þóra Ellen Þórhallsdóttir prófessor hópnun formennsku. Hópnun var m.a. ætlað að meta áhrif vatnsaflsvirkjana á minjar. Fornleifafræðingar frá Þjóðminjasafni Íslands störfuðu í vinnuhópnum.


Mjög litlar rannsóknir hafa verið gerðar á fornleifum á miðhálandinu og vakti starfshópurinn athygli á ónógum rannsóknum, sem hægt væri að styðjast við. Starfshópurinn studdist við svokallaða svæðisskráningu sem Fornleifastofnun Íslands hafði tekið saman. Svæðisskráning felur eingöngu í sér samantekt á heimildum en aftur á móti er ekki gerð nein skráning fornleifa á vettvangi. Mat á fornleifum í fyrri áfanga byggði því ekki á neinum eiginlegum rannsóknum á vettvangi. Slíkt var oft til boga þegar reynt var að meta gildi minja á svæðunum. Þegar vinna við 2. áfanga hófst var því ákveðið að skrá fornleifar á þeim svæðum sem til umfjöllunar væru.

Skýrsla þessi er liður í fornleifaskráningu háhitasvæða sem til umfjöllunar eru í 2. áfanga rammaáætlunar. Hér verður fjallað um Vonarskarð og Hágöngur en rannsóknarsvæðið var áætlað út frá gögnum ÍSOR. Um vettvangsvinnu og skýrslugerð sá Sólborg Una Pálsdóttir, Fornleifavernd ríkisins, 2008. Ritstjóri Kristín Huld Sigurðardóttir.



## 2 Vonarskarð og Hágöngur


Svæðið á milli Tungnafellsjökuls og Vatnajökuls, þ.e. við Bárðarbungu, er nefnt Vonarskarð. Samkvæmt upplýsingum frá Háhitavefnum þá er á þessu svæði að finna þrjár megineldstöðvar; í Tungnafellsjökli, í Vonarskarðinu sjálfu við austurhlíðar Tungnafellsjökuls og sjálf Bárðarbunga, sem er yngst þessara megineldstöðva. Yfirborðshiti hefur ekki fundist í Tungnafellsjökli og ekki hefur orðið vart við jarðhita í Bárðarbungu. Aftur á móti hefur fundist háhitasvæði í Vonarskarði, einkanlega á svæðinu frá Skrauta og norður að Laugakúlu. „Væg háhitaummyndun er einnig um 10 km suðvestur af Vonarskarði ...” „Engar jarðeðlisfræðilegar mælingar hafa verið framkvæmdar í Vonarskarði og því óvíst um raunverulega stærð hitakerfisins.”<sup>1</sup>



Mynd 1. Afmörkun á rannsóknarsvæðum, byggt á gögnum frá ÍSOR. Kort frá LMÍ.

<sup>1</sup> Haukur Jóhannesson: Hágöngur og Vonarskarð. Háhitavefur ÍSOR. 2008. [http://www.os.is/jardhiti/vonarskarð\\_hagongur.htm](http://www.os.is/jardhiti/vonarskarð_hagongur.htm).

Hágöngur eru suðvestan við Vonarskarð. Árið 1998 varð Hágöngulón til en tilgangur Hágöngumiðlunar er að auka miðlun á vatnasviði Köldukvíslar og nýtist virkjunum á Þjórsár- og Tungnaársvæðinu. Lónið er 37 km<sup>2</sup>. Samkvæmt Háhitavef ÍSOR er á þessum slóðum lítt þekkt háhitasvæði. Ýmislegt bendir til þess að á svæðinu sé megineldstöð. Yfirborðsjarðhiti er aðallega á þremur stöðum, tveir eru í sjálfu Hágöngulóni en þriðji staðurinn er vestast í Sveðjuhrauni.<sup>2</sup>



Mynd 2. Hágöngulón. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.

<sup>2</sup> Haukur Jóhannesson: Hágöngur og Vonarskarð. Háhitavefur isor. 2008. [http://www.os.is/jardhiti/vonarskard\\_hagongur.htm](http://www.os.is/jardhiti/vonarskard_hagongur.htm) .. - Hágöngulón. Vefur Landsvirkjunar, nóvember 2008. <http://www.landsvirkjun.is/category.asp?catID=265>



## 2.1 Saga svæðis

Vonarskarð er fyrst nefnt í Landnámu. Þar segir frá Bárði sem hafði numið Bárðardal. Bárður taldi út frá veðurfari að betra væri að búa fyrir sunnan heiði og flytur búferlum að Núpum í Fljótshverfi. Sagt er að hann hafi farið Vonarskarð og leið hans nefnd Bárðargata.<sup>3</sup>



**Mynd 3. Bárðarbunga, séð frá Vonarskarði. Ljósmynd Sólborg Una Pálsdóttir, 2008.**

Í Landnámu er ekki margar frásagnir um menn sem fóru yfir hálendið milli Norðurlands og Suðurlands. Það er frásögnin af Bárði og svo af þremur landnámsmönnum í Skagafirði sem könnuðu óbyggðir upp af Skagafirði, þ. á m. alla leið upp að Hveravöllum. Engar heimildir eru til um hver fór fyrstur yfir Sprengisand eða Stórasand.<sup>4</sup> Haraldur Matthíasson telur þó að engin vafi sé á því að þegar á landnámsöld hafi allir helstu fjallvegir fundist sem síðar voru farnir svo öldum skiptir og bendir á það því til rökstuðnings að við lok landnámsaldar hafi menn úr öllum héruðum riðið til Alþingis. „Austfirðingar og Vestfirðingar hafa farið með byggðum. Húnvetningar sennilega Arnarvatnsheiði og Tvídægru, en Norðlendingar aðrir fjallvegina sem liggja yfir miðhálendið, Sprengisand og Kjöl, ef til vill einnig Stórasand og Kaldadal.”<sup>5</sup>

Haraldur tekur hér ekki tillit til nokkurra mikilvægra atriða um samgöngur í upphafi byggðar. Í fyrsta lagi er hæpið að ætla að hrossaeign á Íslandi hafi verið almenn snemma á landnámsöld því sjóflutningar til Íslands setja óneitanlega vissar skorður á það magn af búfénaði sem landneminn flutti

<sup>3</sup> *Íslensk fornrit* 1, 273-274.

<sup>4</sup> Haraldur Matthíasson: „Fjallavegir á Sturlungaöld”, 64.

<sup>5</sup> Haraldur Matthíasson: „Fjallavegir á Sturlungaöld”, 65.

með sér til Íslands. Þá má einnig ætla að hestar hafi ekki komið af miklu gagni þegar landið var allt kjarri vaxið og líklegt að menn hafi fremur kosið að komast leiðir sínar með bátum. Hrossstofnin hefur þó eflaust stækkað hratt fyrstu aldirnar og landnemar voru duglegir að ryðja skóga og kjarr. En þá komum við að öðru mikilvægu atriði; skeifur þekktust ekki á Íslandi í upphafi byggðar. Menn hafa því valið leiðir sem voru mjúkar undir fót. Svo virðist sem það hafi aftur á móti þekkt að menn settu einfalda ísbrodda framan á hófa ferðahrossa á veturna. Einungis hafa tveir slíkir broddar fundist á Íslandi.

Það er ekki fyrr en á 11. öld og jafnvel 12. öld sem skeifur fara að tíðast meðal norrænna manna. Í fyrstu hefur skeifunotkun ekki verið á færi annarra en höfðingja og heldri manna því skeifur voru dýrar. Á 15. öld verður skeifunotkun mun algengari, sem rekja má til verslunar Íslendinga við Englendinga.<sup>6</sup>

Með þetta í huga verður sagan af ferðalagi Bárðar með nokkrum ólíkinda blæ. Bárður virðist þar að auki hafa valið að fara áður en snjóá leysti. Hann lætur hvert kvikindi, jafnt sauðfé sem stórgripi, draga fóður sitt á sleðum eða kjálkum.



**Mynd 4. Horft til Vonarskarðs frá Hágöngulóni. Ljósmynd Sólborg Una Pálsdóttir, 2008.**

Ef marka má heimildir, þá voru þó ferðir yfir jökla mun algengari á síðari hluta miðalda og fram á 17. öld en seinna þekktist. Elsta heimildin um ferðir yfir Vatnajökul er Droplaugar saga. Þar segir að Ingjaldur á Arneiðarstöðum í Fljótsdal og Þorkell trani hafi farið „it efra suðr um iokla ok komu ofan í Hornafjörð“. Árni Magnússon minnst einnig á fjallavegur frá Hoffelli í Hornafirði og yfir í Fljótsdal sem gæti verið þessi sami. Þá virðist hafa legið leið milli Skaftafells í Örcæfum og Möðrudals á Fjöllum yfir Vatnajökul. Í Möðrudalsmáldaga Gísla biskups Jónssonar frá 1575 segir að Möðrudalskirkja eigi 12

<sup>6</sup> Jón Árni Friðjónsson: „Af beislabátum og unnarjóum“, 49, 52-53, 64-65, 67.

trogstöðla högg í Skaftafellsskógi. Þá segir í annarri heimild frá byrjun 18. aldar að Skaftafell hafi átt beit fyrir 14 hross á Möðrudalsöræfum á sumartíma en verði aldrei nýtt vegna jökla.<sup>7</sup> Til eru gömul munnmæli um að smalinn frá Möðrudal eigi frítt svefnpláss í Skaftafellsskála og öfugt. Minjar hafa fundist við Morsárjökul, sem gætu bent til þess að Möðrudalsmenn hafi nýtt sér skógarhöggið í Skaftafelli og farið yfir jökulinn í þá leiðangra. Sveinn Pálsson segir frá því um 1793, að Í Miðfelli hafi fundist fyrir mörgum árum garðlag úr torfi sem náði yfir klappir nokkrar. Mátti fara með hest eftir garðlaginu. Á 19. öld fundust líka birkileifar sem virtust hafa verið raðað í tvö klyf. Að auki fannst forn skeifa á sömu slóðum.<sup>8</sup>

Þá var önnur leið yfir jökulinn frá Staðardal í Suðursveit og norður eftir. Þessi leið var einkum notuð af Norðlendingum sem fóru til verstöðva við Hálsaós í Suðursveit. Talið er að vertíðin hafi verið frá febrúar og fram í maí. Þurftu Norðlendingarnir að fara yfir jökulinn um vetur. Sögur lifa enn af dvöl Norðlendinga í Suðursveit. Verst þóttu Sunnlendingum hvað þeir voru kvensamir og ekki síst hversu mikla hylli þeir höfðu meðal kvenna. Sagan segir að Norðlendingar hafi hætt sjósókn úr Suðursveit eftir mikið mannfall árið 1573 í sjóróðri einum. Erfitt er að segja til um hvort það hafi verið meginástæðan en það er athyglisvert að allar Vatnajökulsleiðarnar virðast hafa lagst af fyrir 1700. Ytri aðstæður hljóta að spila þar inn í. Það er ekki ólíklegt að jökullinn hafi breyst, kannski vegna breytinga í veðurfari, sem gerði för manna yfir jökulinn erfiðari. Til dæmis telur Sigurður Þórarinsson að leiðirnar yfir jökulinn frá Hornafirði og Öræfum hafi lagst af vegna þess að skriðjökklar sóttu á vegina upp á hjarnsvæði jökulsins.<sup>9</sup>

Rétt eins og ferðir yfir Vatnajökul, virðast ferðum yfir miðhálandið hafa fækkað töluvert á 17. og 18. öld og þar með þekking manna um fjallvegi og leiðir. Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson draga fram þá mynd um miðja 18. öld að Íslendingar hafi „glatað öllu sambandi milli fjarlæggra landsfjórðunga og þeim gæðum, sem því fylgja að hafa kynni hver af öðrum. „Töldu þeir meginástæðuna vera að sæluhús “og aðrar nytsamar ráðstafanir, sem hnigu að því að halda fjallvegnum við, eru nú niður lagðar.” Töldu þeir að menn vissu ekki lengur hvernig sæluhúsin ættu að lífa út né hvar þau voru staðsett.<sup>10</sup>

Árið 1770 kom fram hugmynd um að rannsaka Bárðargötu. Átti það að vera eitt af mörgum verkefnum Landsnefndarinnar svokölluðu en í henni sátu tveir Danir og einn Íslendingur. Skyldu nefndin rannsaka forna fjallvegi, þar á meðal Bárðargötu. Ekki var sú rannsókn gerð, enda verkefni nefndarinnar mörg og víðtæk. Finnur Jónsson biskup lagði til við Landsnefndina að norðanmenn rannsökuðu norðurhluta Bárðargötu en sunnanmenn tæki að sér að rannsaka suðurhluta leiðarinnar. „Er þetta fyrsta tillaga að um skipulaga rannsókn Bárðargötu, þótt ekki yrði úr framkvæmdum.”<sup>11</sup>

Stefán amtmaður Þórarinsson réð Bjarna Jónsson hreppstjóra á Draflastöðu í Fnjóskadal, árið 1791, til að leita að hinum svokallaða Sámsveg. Sú leið var kennd við Sám Bjarnason úr Hrafnkelsdal, en hann á að hafa farið

<sup>7</sup> Sigurður Þórarinsson: „Í veldi Vatnajökuls. Leiðir um Vatnajökul“, 398.

<sup>8</sup> Sigurður Þórarinsson: „Í veldi Vatnajökuls. Leiðir um Vatnajökul“, 399. – Sveinn Pálsson: *Ferðabók Sveins Pálssonar* II, 483, 493.

<sup>9</sup> Sigurður Þórarinsson: „Í veldi Vatnajökuls. Leiðir um Vatnajökul“, 400-401. - Sigurður Þórarinsson: „Í veldi Vatnajökuls. Verstöðvar Norðlendinga í Austur Skaftafellssýslu“, 414-416

<sup>10</sup> Eggert Ólafsson: *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar* II, 88.

<sup>11</sup> Haraldur Matthíasson: „Bárðargata“, 14-15.

norðan jökla á leið til Alþingis þegar hann deildi við Hrafnkel Freysgoða. Bjarni skyldi í rannsóknarferð sinni hafa auga með því hvort hann fyndi einhverjar vísbendingar um hvar Bárðargata hafi legið en Bjarni fann þess engin merki.<sup>12</sup>

Árið 1794 fór Pétur Brynjólfsson af Fljótdalshéraði yfir Vatnajökulsveg. Á för sinni sá hann glitta í skarðið en taldi það vera lægð í jöklinum. Um sama leyti gekk Sveinn Pálsson ásamt fleirum upp á Snæfell. Af útsýni þaðan gerði Sveinn sér grein fyrir því að hér er ekki um lægð að ræða heldur var Tugnafellsjökull sem hann nefndi Blánipur, laus frá Klofjökli (Vatnajökli). „Getur hann þess til fyrstur manna, að þar sé Vonarskarð.“<sup>13</sup>



**Mynd 5. Horft til vesturhluta Vonarskarðs. Ljósmynd Sólborg Una Pálsdóttir, 2008.**

Svo virðist sem á þessu tímabili hafi mönnum staðið mikill stuggur af útilegumönnum, sem talið var að héldu sig í nokkru mæli upp á miðhálandinu. Dróg það heldur úr áhuga manna til kanna óbyggðirnar. E. Henderson var á ferð um Ísland árið 1815. Segir hann frá því að íslenskir fylgdarmenn hans hafi verið tregir til að ferðast um miðhálandið af ótta við útilegumenn.<sup>14</sup>

Á fyrri hluta 19. aldar fer Björn Gunnlaugsson um landið til uppmælingar og kortagerðar. „Um óbyggðir fór Björn ekki víða, en þó miklu víðar en nokkur fræðimaður annar á undan honum, og fengust af uppdætti hans stórmiklar nýjar upplýsingar um hálandið.“<sup>15</sup> Björn og Sigurður Gunnarsson, einn fátta Íslendinga sem ferðaðist víða um miðhálandið á þessum tíma, lögðu sitt að mörkun til að reyna eyða trú manna á byggðir útilegumanna í óbyggðum.

<sup>12</sup> Haraldur Matthíasson: „Bárðargata“, 15.

<sup>13</sup> Haraldur Matthíasson: „Bárðargata“, 16. – Sveinn Pálsson: *Ferðabók Sveins Pálssonar*, 468, 473-474.

<sup>14</sup> Þorvaldur Thoroddsen: *Landfræðissaga Íslands III*, 166.

<sup>15</sup> Þorvaldur Thoroddsen: *Landfræðissaga Íslands III*, 222-232.

Björn ritar í þessum tilgangi í Íslending árið 1861. Þar telur hann upp þá staði sem menn töldu líklegast að útilegumannabyggðir væru, en þeir voru: Þórisdalur við Skjaldbreið, Ódáðahraun, Köldukvíslarbotnar, Torfajökulsdalur, Eyvindarkofi við Eyvindarver, Stórisjór nyrðst í Fiskivötnum (Veiðivötnum) og Vatnajökull. Björn hafði skoðað flesta þessara staða og fann það sammerkt með þeim að þeir væru „ekki björgulegir“. Björn var svo sem ekki að útiloka að einn og einn maður hefði flúið til óbyggða en þeir hefðu allir upphaflega komið úr byggð.<sup>16</sup> Ekki er ólíklegt að staðirnir sem Björn telur upp séu einmitt þeir staðir sem menn ferðuðust síst um, að Fiskivötnum frátöldum, en þar höfðu menn lengi stundað veiðar, með hléum. Sjá má á tímaritum frá þessum tíma að ekki voru allir sammála Birni og Sigurði, og virðist útilegumannatrúin hafa lifað nokkuð fram á 19. öld.<sup>17</sup>

Björn Gunnlaugsson kom árið 1839 í Vonarskarð. Má segja að hann hafi komið þar næstur næstur á eftir Gnúpa-Bárði. Með honum í för var fyrrnefndur Sigurður Gunnarsson.<sup>18</sup> Sigurður lýsir þessari ferð og þó sérstaklega útsýninu af Vatnajökli í Norðanfara 1876. Þar segir hann:

Enginn falljökull er á vestur enda Vatnajökuls, alla leið frá Köldukvíslarbotnum, sunnan við Vonarskarð, allt austur að Kistufjalli inn á Dyngjufjöllum fremri í austurbrún Ódáðahrauns. Heldur er öll jökulkinnin á þessu mikla bogasvæði (sem er nærri 8 mílur vegar) einlæggar hjarnfannir, niður frá strandjöklinum uppi. Renna þar ofan frá á sumrum leysinga-lækir margir, hinir syðri til Köldukvíslarbotna allt norður að sandbungunni í Vonarskarði norðan við alla sandsteins eða urðarhólana sem í því eru (frá þeirri sandbundu hallar vötnum suður og norður).<sup>19</sup>

Það má marka af lýsingunni hversu lítið þekkt svæðið var því Björn gaf nokkrum einkennandi landslagsþáttum örnefni í þessari ferð.

Sumarið 1840 fór danski náttúrufræðingurinn J. C. Schythe Vatnajökulsveg og var Sigurður Gunnarsson með honum í för. Hremmdu þeir afleitt veður og máttu þakka fyrir að komast lifandi til byggða.<sup>20</sup>

Um þetta leyti fann séra Tómas Sæmundsson Tómasarhaga en hann hafði villst á leið sinni um Sprengisand. Tómas gat þess, er hann kom til byggða, að hann taldi sig hafa séð dal nokkurn vestan undir Tugnafellsjökuli. Bárðdælingar könnuðu þennan dal haustið 1846 og nefndu hann Nýja-dal.<sup>21</sup>

Næstu ár fóru flestir rannsóknarleiðangrar norðan við Vonarskarð á leið sinni til Öskju sem gaus árið 1875 og hafði þar að leiðandi mikið aðdráttarafi.<sup>22</sup>

---

<sup>16</sup> Björn Gunnlaugsson: „Um stöðvar útilegumanna“, 11-13.

<sup>17</sup> Sjá Hákon Espólín: „Að austan“, 84-85. – Björn Gunnlaugsson: „Um útilegumenn“, 167. – Hákon Espólín: „Aðsent“, 45. – Sigurður Gunnarsson: „Um útilegu þjófa“, 3.

<sup>18</sup> Þorvaldur Thoroddsen: *Ferðabók I*, 266.

<sup>19</sup> Sigurður Gunnarsson: „Um öræfi Íslands“, 71.

<sup>20</sup> Þorvaldur Thoroddsen: *Ferðabók I*, 266-269.

<sup>21</sup> Þorvaldur Thoroddsen: *Ferðabók I*, 269-270. – Haraldur Matthíasson: „Bárðargata“, 44.

<sup>22</sup> Þorvaldur Thoroddsen: *Ferðabók I*, 270-273.



**Mynd 6. Vonarskarð. Ljósmynd Sólborg Una Pálsdóttir, 2008.**

Bárðdælingar og Mývetningar héldu í rannsóknarleiðangur um öræfin árið 1880. Aðaltilgangur ferðarinnar var að finna haga og óþekktar fjárstöðvar. Í þessari ferð komu þeir í Vonarskarð og fundu haga austanvert í skarðinu, í Rjúpnabrekku og við Gæsavötn, sem enginn hafði haft vitneskju um. Líkt og Björn gáfu þeir þessum högum og öðrum landslagsþáttum nöfn í ferðinni. Eftir þessa för voru fjárleitir farnar mun sunnar en áður, eða að Gæsavötnum. Með aukinni þekkingu manna á svæðinu urðu fjárheimtur betri og eflaust hefur það hjálpað til við að kveða niður trú manna á útilægumannabyggðir við Vatnajökul.<sup>23</sup>

Árið 1932 fannst kofarúst eða byrgi við á Dyngjuhálsi, beint austur af Gæsavötnum. Virðist það hafa verið Steinþór Sigurðsson magister sem fann rústina. Ólafur Jónsson og förunautar skoða rústina árið 1945 og lýsa henni svo:

„Fann ég þá brátt rústirnar, en kofinn hefur verið hlaðinn þar á hálsbrúninni sunnan undir klettinum, milli tveggja stórra steina. Allur hefur hann verið gerður úr móbergi, og horfðu dyr móti vestri. Um 40 cm. þykkt lag af sandi var inni í kofanum. Reyndum við að moka því í burtu og gátum grafið alveg niður á gólf kofans. Engin sást þar gólfskán. Vídd kofans að neðan hefur verið um tveir metrar, en þrengri upp. Mesta vídd líklega hátt á annan metra og þakið gert af hellum. Engin sáust merki þess, að kofi þessi hafi verið notaður sem dvalarstaður, og ekki virðist staður þessi skjóllegur eða hentugur til aðdráttá. Virðist mér augljóst, að þarna hefur aldrei verið dvalarstaður útilægumanna til langframa, og er sennilegast, að einhverjir ferðarlangar, sem sett hafa að þarna á hálsbrúninni

---

<sup>23</sup> Þorvaldur Thoroddsen: *Ferðabók I*, 273-275. Jón Stefánsson: „*Ferðasaga jökulfaranna*“, 99-100.

næturlangt, hafi hlaðið kofann sér til skjóls eða afþreyingar. Svált var á hálsbrúninni, suðvestan-strekkingur, en austur á hálsinum virtist hjarn nýleyst eða að leysa, og flóði þar allt í vatni."<sup>24</sup>

Að öllum líkindum tengist þessi rúst ferðalögum yfir Vatnajökul fyrir 1700. Líklega hefur leiðin legin framhjá Gæsavötnum og norðan við Vonarskarð. Síðan hefur leið manna kvíslast eftir því hvert á Norðurland förinni var heitið.

Frá árinu 1953 til 1962 rannsakaði dr. Haraldur Matthíasson ásamt konu sinni, Kristínu Ólafsdóttur, Bárðargötu í heild sinni. Lýsingu á leiðinni og umhverfi má finna í Árbók Ferðafélags Íslands frá 1963. Ýmsir höfðu skoðað part af leiðinni áður en þetta var í fyrsta skipti sem Bárðargata var öll farin.<sup>25</sup>

## 2.2 Bárðargata - leið

### Heimild

Þar segir að Bárður sonur Heyjangurs-Bjarna hafi numið Bárðardal allan frá Kálfborgará og Eyjardalsá og búið að Lundarbreykku. Sagt er að Bárður hafi tekið eftir því að vindar komu af hafi voru heldur óblíðari en þeir sem komu landleiðina. Dróg hann þá ályktun að betra væri að búa fyrir sunnan heiði. Bárður brá á það ráð að senda tvo syni sína í könnunarleiðangur suður á bóginn um Góu. Það kemur ekki fram hversu langt þeir bræður fóru en þeir komu til baka með þær upplýsingar að þeir hefðu fundið góibeytla og annan gróður. Þetta hefur Bárður talið góðar fréttir, alla vegana ákveður hann að flytja suður. „En annat vár eptir þá gerði Bárður kjálka hverju kykvendi, því er gegnt var, ok lét hvat draga sitt fóðr ok fjárlut; hann fór Vánarskarð, þar er síðan heitir Bárðargata. Hann nam síðan Fljótshverfi ok bjó að Gnúpum; þá var hann kallaðr Gnúpa-Bárðr.”<sup>26</sup>

### Lýsing

Af frásögninni um ferð Bárðar um Vonarskarð hafa verið dregnar all-miklar ályktanir. Fyrir það fyrsta að Bárður hafi farið styðstu leið úr Bárðardal og yfir í Fljótshverfi. Í öðru lagi hljóti Vonarskarð að vera kennanlegt enn í dag og skeri sig úr landslaginu. Nú ber að hafa í huga að örnefnin Vonarskarð og Bárðargata týndust í aldir. Það var ekki fyrir en á 19. og 20. öld sem menn töldu sig hafa fundið þessum örnefnum stað í landslaginu og byggðu þá skoðun sína fyrst og fremst á þessari litlu frásögn í Landnámu. Þegar maður kemur á þessar slóðir í dag finnst manni heldur ótrúlegt að velja þessa leið til að flytja allan sinn mannskap og búfénað suður á land á 9. eða 10. öld. Leiðin er talin vera um 250 km löng og mestur hlutinn yfir öræfi, hraun og algjörar gróðurleysur. Fara þarf upp í 1000 metra hæð og yfir fimm stórar jökulár; Skjálfandafljót, Köldukvísl, Tungná, Skaftá og Hverfisfljót.<sup>27</sup> Ekki er þó að marka annað af frásögninni en ferðin hafi gengið vel, en athyglisvert er að engar heimildir eru til um að fleiri hafi fetað í fótspor Bárðar og farið þessa leið.<sup>28</sup>


<sup>24</sup> Ólafur Jónsson: *Ódáðahraun III*, 352-353.

<sup>25</sup> Haraldur Matthíasson: „Bárðargata“, 9-138.

<sup>26</sup> *Íslensk fornrit I*, 273-274, 322-323.

<sup>27</sup> Haraldur Matthíasson: „Bárðargata“, 11-12.

<sup>28</sup> Haraldur Matthíasson: „Fjallavegir á Sturlungaöld“, 64.



**Mynd 7. Bárðargata samkvæmt hugmyndum Haraldar Matthíasarsonar, merkt sem gul lína ofan á kort frá LMÍ.**

Menn eru ekki vissir um hvar Bárður fór um. Haraldur taldi hann hafa farið upp úr Bárðardal, inn Vonarskarðið og ferðast í jaðri Vatnajökuls og jafnvel upp á honum, sérstaklega við Tungnaárjökul, Skaftárjökul og jafnvel Köluvísjarjökul. Haraldur tekur þó fram að engan veginn sé hægt að segja sé hver leið Bárðar hafi verið í smáatriðum. Taka verði einnig tillit til þess að umhverfið hafi breyst frá því að Bárður var á ferðinni. Að öllum líkindum hafi Vatnajökull þá verið minni um sig.<sup>29</sup>

Þegar Björn Gunnlaugsson fór upp í Vonarskarð fór hann aðra leið. Hann fór að Fiskivötnum (Veiðivötnum), upp í Illugaver, og svo norðaustur í Vonarskarð. Björn er með leið merkta inn á Uppdrátt Íslands sem svipar mjög til þessarar leiðar. Þar er farið frá Fiskivötnum, upp í Illugaver, svo vestan við Hágöngu syðri en sunnan og austan við Hágöngu nyðri. Þá er haldið austan í Tungnafellsjökul og upp í Vonarskarð (sjá mynd 9).

Ekki hafa fundist ummerki um ferð Bárðar á vettvangi, og litlar líkur á að minjar finnist um leið sem virðist einungis hafa verið farin einu sinni, og það á landnámsöld.

### **Verndunarforsendur**

Það eru litlar frásagnir til um ferðir manna á miðhálandinu á landnámsöld. Það skal engan undra þegar haft er í huga að gróður, lítil hrosseign og skeifurskortur setti mönnum nokkrar skorður til landkönnunar. Því verður Bárðargata að teljast til sjaldgæfra menningarminja. Á móti kemur að staðsetning leiðarinnar er öll byggð á líkum og ekki hafa fundist áþreifanlegar sannanir fyrir henni. Verndunargildi hennar felst því fyrst og fremst í upplifunargildi og táknrænu gildi sem byggir á tengingunni við landnámu

<sup>29</sup> Haraldur Matthíasson: „Bárðargata“, 79.



## 2.3 Varða - kennimark

### Heimild

Við Gjóstuklif komu Mývetningar árið 1880 og hlóðu þar vörðu eftir því sem Haraldur Matthíasson segir.<sup>30</sup> Líklega hafa þetta verið í rannsóknarleiðangri Mývetninga og Bárðdælinga þegar þeir voru að leita að högum á þessu svæði.

### Lýsing

Ein varða (nr. 847) fannst austan við slóðann niður Gjóstuklif. Hún er grjóthlaðin, einföld og ekki mjög forn að sjá.



Mynd 8. Varða við Gjóstuklif. Ljósmynd Sólborg Una Pálsdóttir, 2008.

### Verndunarforsendur

Varðan við Gjóstuklif virðist fyrst og fremst hafa haft þann tilgang að leiða ferðalanga að bestu leiðinni niður klifin. Það er ekki hægt að segja til um hvort þetta sé hin upprunalega varða sem var hlaðin 1880 en hún er ekki forn að sjá. Ef um rétta vörðu er að ræða má segja að hún hafi fyrst og fremst táknrænt- og upplifunargildi, þ.e. hún sé tákni um það að Íslendingar hófu að kanna miðhálandið að nýju og vinna bug á babilju og hjátrú tengdu svæðinu.

---

<sup>30</sup> Haraldur Matthíasson: „Bárðargata“, 37.



Mynd 9. Leiðir um Vonarskarð og Vatnajökul. Uppdráttur Íslands eftir Björn Gunnlaugsson.

## Niðurstöður

	Úrval	Sjaldgæfni	Rannsóknar-og heimildagildi	Upplifun	Upprunaleiki	Menningarlandsl. Minjahlid	Táknrænt gildi	Aðgengi	Noikunargildi	Ásigkomulag	Útkoma
<b>Bárðargata</b>	0	+	0	+	0	0	+	0	+	0	<b>4</b>
<b>Varða við Gjóstuklif</b>	0	0	0	+	0	0	+	0	0	+	<b>3</b>

Út frá heimildum má marka að einu menningarminjarnar á svæðinu sé hin forna Bárðargata, sem Bárður á að hafa farið á landnámsöld, og varða sem hlaðin var í Vonarskarði 1880. Þar sem ummerki leiðarinnar finnast ekki á svæðinu, og áætluð staðsetning hennar er öll byggð á líkum, er ekki hægt að meta verndunargildi Bárðargötu mjög hátt. Varðan hefur heldur ekki hátt verndunargildi, enda einungis stök varða, ekki mjög forn.

Þó erfitt sé að sanna að Bárður eða nokkur annar hafi farið þarna um á miðöldum er ljóst að umferð manna norðan við Vonarskarð hefur verið nokkur eins og leiðir yfir Vatnajökul og byrgið á Dyngjuhálsi benda til. Þekking manna á þessu svæði virðist hafa týnst alveg niður fyrir 1700. Sést það best á því að engin örnefni á svæðinu eru þekkt í lok 19. aldar og eru ferðalangar á þeim tíma og fyrri hluta 20. aldar að gefa landslaginu heiti um leið og þeir rita niður lýsingu af ferðum sínum.



Mynd 10. Við Gjóstuklif, horft í austur. Ljósmynd Sólborg Una Pálsdóttir, 2008.



## Heimildaskrá

Björn Gunnlaugsson: „Um stöðvar útilegumanna“, *Íslendingur* 1861, 2. árg., 2. tbl. (12. apríl 1861), 11-13.

Björn Gunnlaugsson: „Um útilegumenn“, *Íslendingur* 1863, 3. árg., 21. tbl. (12. mars 1863), 167.

Eggert Ólafsson: *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar II. Um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752-1757*. Bókaútgáfan Örn og Örlygur hf., Rv., 1981.

Haraldur Matthíasson: „Bárðargata“, *Árbók Ferðafélags Íslands* 1963 (Rv., 1963), 9-138.

Haraldur Matthíasson: „Fjallvegafverðir á Sturlungaöld“, *Árbók Ferðafélags Íslands* 1988 (Rv., 1988), 63-82.

Haukur Jóhannesson: Hágöngur og Vonarskarð. Háhitavefur isor, 2008. [http://www.os.is/jardhiti/vonarskard\\_hagongur.htm](http://www.os.is/jardhiti/vonarskard_hagongur.htm).

Hákon Espólín (8-5): „Að austan“, *Norðanfari* 1862, 1. árg., 21.-22. tbl. (1. nóvember 1862), 84-85.

Hákon Espólín (8-5): „Aðsent“, *Norðanfari* 1864, 3. árg., 22.-23. tbl. (10. október 1864), 45.

*Íslenzk fornrit I. Íslendingabók. Landnáma*. Seinni hluti. Jakob Benediktsson sá um útgáfuna. Hið Íslenska fornritafélag, Rv., 1986.

Jón Árni Friðjónsson: „Af beislabátum og unnarjóum. Járning hesta og samgöngubylting á miðöldum“, *Saga XLIII:1* (Rv., 2005), 43-80.

Jón Stefánsson: „Ferðasaga jökulfaranna“, *Norðlingur* 1880, 5. árg., 49.-50. tbl. (23. nóvember 1880), 99-100.

Ólafur Jónsson: *Ódáðahraun III*. Bókaútgáfan Norðri h.f., Ak., 1945.

Sigurður Gunnarsson: „Um útilegu þjófa“, *Norðanfari* 1864, 4. árg., 1.-2. tbl. (28. janúar 1864), 3.

Sigurður Gunnarsson: „Um öræfi Íslands“, *Norðanfari* 1876, 15., 35.-36. tbl. (18. ágúst 1876), 69-71.

Sigurður Þórarinnsson: „Í veldi Vatnajökuls. Leiðir um Vatnajökul“, *Lesbók Morgunblaðsins XXI:33* (20. október 1946), 398-401.

Sigurður Þórarinnsson: „Í veldi Vatnajökuls. Verstöðvar Norðlendinga í Austur Skaftafellssýslu“, *Lesbók Morgunblaðsins XXI:34* (27. október 1946), 413-417.

Sveinn Pálsson: *Ferðabók Sveins Pálssonar II. Dagbækur og ritgerðir 1791-1797*. 2. útgáfa. Bókaútgáfan Örn og Örlygur hf., Rv., 1983.

Hágöngulón. Veitur og miðlanir. Vefur Landsvirkjunar, nóvember 2008.  
<http://www.landsvirkjun.is/category.asp?catID=265>

Þorvaldur Thoroddsen: *Ferðabók I*. 2. útgáfa. Jón Eypórsson bjó til prentunar. Snæbjörn Jónsson & Co. H.F., Rv., 1958.

Þorvaldur Thoroddsen: *Landfræðissaga Íslands III. Hugmyndir manna um Ísland, náttúruskoðun og rannsóknir fyrr og síðar*. 2. útgáfa. Ormstunga, Rv., 2005.